

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 13. apríl 1982

um breytingu á viðaukum tilskipana ráðsins 66/401/EBE og 69/208/EBE um markaðssetningu fódurjurtafræja og olíu- og trefjajurtafræja og tilskipunum 78/386/EBE og 78/388/EBE**(82/287/EBE)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 81/126/EBE ⁽²⁾, einkum 21. gr. a,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 81/126/EBE, einkum 20. gr. a,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda ber að breyta I. og II. viðauka við tilskipanir 66/401/EBE og 69/208/EBE af ástæðum sem fram koma hér á eftir.

Breyta ber skilyrðum sem ræktunin og fræin þurfa að uppfylla, að meðtöldum stöðlum um hreinleika afbrigða og stofna, til samræmis við kerfi Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) fyrir vottfestingu fræafbrigða og fræstofna í alþjóðavíðskiptum. Því ætti að aðlaga, til samræmis við núverandi stöðu mála, dagsetningar gildistöku sem mælt er fyrir um í öðrum lið 2. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 78/386/EBE frá 18. apríl 1978 um breytingu á viðaukum við tilskipun 66/401/EBE um markaðssetningu

fódurjurtafræja ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 81/126/EBE og í fyrsta lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 78/388/EBE frá 18. apríl 1978 um breytingu á viðaukum við tilskipun 69/208/EBE um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 81/126/EBE.

Ekki hefur reynst mögulegt við núverandi aðstæður að kveða á um samhæfingu í bandalaginu á skilyrðum um staðla um lágmarksstofnhreinleika sem ræktun eða fræ af sólfíflablendingum þurfa að uppfylla. Reynt verður að setja þessa staðla fyrir 1. júlí 1983 til að ná fram samhæfingu.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við ákvörðun fastanefndar um fræ og fjölgunar-efni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á I. viðauka við tilskipun 66/401/EBE:

1. Í þriðja og fjórða málslíð 4. mgr. bætist við orðin „*Vicia faba*“ á eftir orðunum *Pisum sativum*“.
2. Í öðrum og þriðja málslíð 4. mgr. falli orðin *Raphanus sativus* ssp. *oleifera* niður.“

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 67, 12. 3. 1981, bls. 36.⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 113, 25. 4. 1978, bls. 1.⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. L 113, 25. 4. 1978, bls. 20.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á II. viðauka við tilskipun 66/401/EBE:

1. Í stað 1. mgr. I. hluta komi eftirfarandi:

„Fræið skal vera ósvikið og hreint miðað við stofn. Einkum skulu fræ tegundanna hér á eftir uppfylla eftirfarandi staðla eða önnur skilyrði. Lágmarksstofnhreinleiki skal vera:

- *Poa spp.*, einklóna stofnar sem fengnir eru með kynlausri æxlun: 98%,
- *Pisum sativum*, *Vicia faba*, *Brassica napus* var. *nabobrassica*, *Brassica oleracea* conv. *acephala*:
 - vottað fræ, fyrsti ættliður: 99%,
 - vottað fræ, annar og síðari ættliðir: 98%.

Lágmarksstofnhreinleiki skal einkum athugaður í akurskoðunum sem fram fara í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka.“

2. Í stað 1. mgr. II. hluta komi eftirfarandi:

„Fræ af *Pisum sativum*, *Brassica napus* var. *nabobrassica*, *Brassica oleracea* conv. *acephala*, *Vicia faba* og einklóna stofnar *Poa spp.*, sem fengnir eru með kynlausri æxlun, skulu uppfylla eftirfarandi staðla eða önnur skilyrði:

Lágmarksstofnhreinleiki skal vera 99,7%.

Lágmarksstofnhreinleiki skal einkum athugaður í akurskoðunum sem fram fara í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka.“

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á I. viðauka við tilskipun 69/208/EBE:

Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„Ræktunin verður að vera ósvikin og hrein miðað við afbrigði.“

Einkum skal ræktun *Brassica juncea*, *Brassica nigra*, *Cannabis sativa*, *Carum carvi* og *Gossypium* sp. uppfylla eftirfarandi staðla:

Fjöldi jurta ræktuðu tegundarinnar, sem samsvara greinilega ekki afbrigðinu, má ekki fara yfir:

- eina á 30 m² við ræktun stofnfræs,
- eina á 10 m² við ræktun vottaðs fræs.“

4. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á II. viðauka við tilskipun 69/208/EBE:

Í stað 1. mgr. I. hluta komi eftirfarandi:

„Fræið skal vera ósvikið og hreint miðað við stofn. Einkum skulu fræ af tegundunum hér á eftir uppfylla eftirfarandi staðla eða önnur skilyrði:

Tegundir og flokkar	Lágmarksafbrigðahreinleiki (%)
1	2
<i>Arachis hypogaea</i> :	
— stofnfræ	99,7
— vottað fræ	99,5
<i>Brassica napus</i> ssp. <i>oleifera</i> , nema afbrigði ætluð til fódurs, <i>Brassica rapa</i> , nema afbrigði ætluð til fódurs	
— stofnfræ	99,9
— vottað fræ	99,7
<i>Brassica napus</i> ssp. <i>oleifera</i> , afbrigði ætluð til fódurs, <i>Brassica rapa</i> , afbrigði ætluð til fódurs, <i>Helianthus annuus</i> , nema blendingar, að meðtöldum þáttum þeirra, <i>Sinapis alba</i> :	
— stofnfræ	99,7
— vottað fræ, fyrsti ættliður	99
— vottað fræ, annar og síðari ættliðir	98
<i>Linum usitatissimum</i> :	
— stofnfræ	99,7
— vottað fræ, fyrsti ættliður	98
— vottað fræ, annar og þriðji ættliður	97,5
<i>Papaver somniferum</i> :	
— stofnfræ	99
— vottað fræ	98
<i>Glycine max</i> :	
— stofnfræ	97
— vottað fræ	95

Lágmarksafbrigðahreinleiki skal einkum athugaður með akurskoðunum sem fram fara í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka.“

5. gr.

Í stað „1. janúar 1982“ í öðrum undirlið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 78/386/EBE komi „degi sem verður ákveðinn síðar“.

6. gr.

Í stað „1. janúar 1982“ í fyrsta undirlið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 78/388/EBE komi „degi sem verður ákveðinn síðar“.

7. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýsluákvæði til að fara að:

- ákvæðum 5. og 6. gr. frá 1. janúar 1982,
- ákvæðum 2. gr., að því er *Poa spp.* varðar, frá 1. janúar 1983,
- öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar eigi síðar en 1. janúar 1983.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að engar markaðshindranir verði settar á fræ af þeirri ástæðu að þessi tilskipun komi til framkvæmda á mismunandi tíma, í samræmi við þriðja undirlið 1. mgr.

8. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. apríl 1982.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Poul DALSAGER

framkvæmdastjóri.